

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA JÚNÍ HELST



SSNV Í ÞREMUR VERKEFNA- UMSÓKNUM NORÐURLÓÐA- ÁÆTLUNAR

Umsóknarfrestur rann út 20. júní og vann starfsfólk SSNV ásamt kollegum erlendis að umsóknum í verkefni [SUB](#), [GLOW](#) og [Target Circular](#), sem öll snúa að atvinnuþróun á einn eða annan hátt.



STAÐA SAUÐFJÁR- RÆKTAR

Stjórn SSNV lagði fram [bókun](#) vegna alvarlegrar stöðu sauðfjárræktar í landshlutanum, í kjölfar útkomu skýrslu sem unnin var af Byggðastofnun fyrir innviðaráðuneytið og lýsti afar dökkri mynd af stöðu og framtíðarhorfum sauðfjárræktar á Íslandi.




EYRARRÓSAR- HAFINN HEIÐRAÐUR

Handbendi, brúðuleikhús Gretu Clough á Hvammstanga, hlaut Eyrarrósina árið 2021 fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni og af því tilefni var haldin [heiðursmóttaka](#) í Iðnó á Listahátíð í Reykjavík.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

UMSÖGN STJÓRNAR



Stjórn SSNV veitti [umsögn](#) um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, að ósk umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

MÁLÞING UM VELFERÐAR- TÆKNI



Veltek, heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands, bauð upp á [málþing](#) þar sem m.a. voru ræddar þjónustulausnir, stafræn umskipti innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu í dreifðum byggðum og samvinna á norðurlóðum.

STAFRÆN MIÐLUN MENNINGAR



[Alþjóðlegt stefnumót um stafræna miðlun og varðveislu menningararfs](#) var haldið í Reykjavík þann 16. júní með aðkomu og þátttöku fulltrúa frá Norðurlandi vestra.

NÝ STJÓRN SSNV KJÖRIN



Á aukaárspingi SSNV sem haldið var 28. júní var kjörin [ný stjórn](#) til tveggja ára.

2022

FYRIR NORÐURLAND VESTRA